

Tillaga til þingsályktunar

um rannsókn á framgöngu lögreglu gagnvart mótmælendum við Kárahnjúka.

Flm.: Kolbrún Halldórsdóttir, Steingrímur J. Sigfússon.

Alþingi ályktar að fela dómsmálaráðherra að skipa þegar í stað starfshóp sem falið verði að rannsaka aðgerðir lögreglunnar gagnvart mótmælendum Kárahnjúkavirkjunar, sem dvöldu á virkjanasvæðinu og í námunda við það og álverslóðina á Reyðarfirði, á tímabilinu júlí–ágúst 2005 og júlí–ágúst 2006. Starfshópurinn rannsaki meint harðræði lögreglu gagnvart mótmælendum, tilefnislausar árásir, frelsissviptingu, handtökur, tilvik þar sem ruðst var í heimildarleysi inn á dvalarstað mótmælenda, hindrun á ferðum fólks um öræfi landsins og meintar símahleranir, svo eitthvað sé nefnt. Einnig kanni hópurinn sannleiksgildi þess þráláta orðróms að lögreglan hafi stundað umfangsmikla, tilefnislausa og óheimila söfnun persónuupplýsinga, myndatökur og fleiri athafnir sem brjóta gegn friðhelgi einkalífs manna og ferðafrelsi.

Starfshópurinn skipi fulltrúar frá lagadeild Háskóla Íslands, Hæstarétti, Lögmannafélagi Íslands og Mannréttindaskrifstofu Íslands auk fulltrúa dómsmálaráðherra, sem verði formaður hópsins. Hópurinn skili niðurstöðu til ráðherra eigi síðar en 1. júlí 2007.

Greinargerð.

Áformum stjórnvalda um að reisa Kárahnjúkavirkjun hefur verið mótmælt, bæði hér innan lands sem utan, allt frá því að ljóst var að hverju stefndi. Eftir að framkvæmdir við virkjunina hófust tóku mótmælin á sig breytta mynd, þau urðu skipulagðari auk þess sem mótmælendur tóku að mótmæla á framkvæmdasvæðinu sjálfu. Síðastliðin tvö sumur hafa félagasamtök á borð við Íslandsvini og Saving Iceland-hópurinn haft í frammi skipulögð mótmæli gegn virkjuninni og álversframkvæmdum á Austurlandi. Til mótmælanna hefur verið stofnað í þeim tilgangi að vekja athygli á áhrifum framkvæmdanna á íslenska náttúru og hafa mótmælendur beitt hefðbundnum og viðurkenndum aðferðum friðsamra mótmæla við að koma sjónarmiðum sínum á framfæri. Aðgerðirnar kölluðu í nokkrum tilfellum á afskipti lögreglu, en af fréttaf lutningi af þeim afskiptum að dæma má ætla að lögregla hafi beitt sér oftar en þörf var á og jafnvel með aðferðum sem telja má umdeilanlegar. Í ljósi þess að tilkynnt hefur verið um áframhaldandi mótmæli a.m.k. eins hóps mótmælenda næsta sumar, hlýtur að teljast eðlilegt að framganga lögreglu gagnvart mótmælendum frá í fyrra verði skoðuð ofan í kjölinn. Í tillögu þessari er lagt til að stjórnvöld fari í saumana á aðgerðum lögreglu síðustu sumur, 2005 og 2006. Slík athugun er til þess fallin að tryggja að afskipti lögreglu af mótmælendum næsta sumar verði í samræmi við heimildir í lögum. Í því augnamiði verði skipaður starfshópur, sem starfi á vegum dómsmálaráðuneytisins, og verði honum falið að kanna meint harðræði lögreglu gagnvart mótmælendum á því tímabili sem tiltekið er í tillögutextanum, sumarmánuðina júlí–ágúst 2005 og 2006. Lagt er til að hópurinn verði þannig skipaður: einn fulltrúi frá lagadeild Háskóla Íslands, einn frá Hæstarétti, einn frá Lögmannafélagi Íslands, einn frá Mannréttindaskrifstofu Íslands auk fulltrúa dómsmálaráðherra sem verði

formaður hópsins. Gert er ráð fyrir að hópurinn hafi starfsaðstöðu í dómsmálaráðuneytinu og honum verði útvegaður starfsmaður sem auðveldi honum að sinna verkefninu.

Í kjölfarið á eftirliti því sem lögregluþvöld höfðu með mótmælendum 2006 og handtökum sem af því leiddu hófst umfjöllun í fjölmiðlum þar sem kunnáttumenn veltu fyrir sér heimildum lögreglu til þeirra aðgerða sem gripið var til og því hvort lögregla hefði farið út fyrir valdsvið sitt. Hinn 9. ágúst 2006 ályktaði flokksstjórn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs um aðgerðir lögreglu við Kárahnjúka:

Flokksstjórn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs lýsir þungum áhyggjum af þeim fréttum sem nú berast af hörkulegri framgöngu og aðgerðum lögreglunnar gegn mótmælendum Kárahnjúkavirkjunar, ferðalöngum og náttúruunnendum sem fara um hálendið í nánd við virkjunarsvæðin norðan Vatnajökuls og jafnvel þótt í verulegri fjarlægð sé frá öllum framkvæmdasvæðum sem tengjast byggingu virkjunarinnar. Stjórn VG minnir á að tjáningar- og skoðanafrelsi eru meðal hornsteina lýðræðis- og réttarríkisins og þar með rétturinn til að láta álit sitt í ljós og mótmæla enda sé það gert á friðsamlegan og viðeigandi hátt.

Flokksstjórn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs krefst þess að þegar í stað fari fram rannsókn á framferði lögreglunnar og meintu harðræði af hennar hálfu og aðgerðum sem falið hafa í sér óþarfa og jafnvel ólögmeða hindrun á ferðum fólks um öræfi landsins. Einnig þarf að kanna sannleiksgildi þess þráláta orðróms að lögreglan hafi stundað umfangsmikla tilefnislausu og óheimila söfnun persónuupplýsinga, myndatökur og fleiri athafnir sem brjóti gegn friðhelgi einkalífs manna og ferðafrelsi. Lýsingar fólks af vettvangi á harkalegum aðgerðum lögreglu sem birst hafa í fjölmiðlum gefa fullt tilefni til tafarlausrar hlutlausrar rannsóknar. Þarf ekki síður að hafa í huga orðstír lögreglumanna en mannréttindi og frelsi hins almenna borgara í þessu sambandi. Komi í ljós að lögreglan hafi farið offari, hvað þá gerst sek um ólögmeðt athæfi, þarf þegar í stað að grípa til aðgerða svo slíkt endurtaki sig ekki og þeir sem þar bera ábyrgð svari síðan til saka fyrir dómstólum.

Fram kom í fréttum að mótmælendabúðir við Lindur hafi verið rýmdar að ósk Landsvirkjunar og lögregla hafi verið kölluð til í þeim tilgangi. Á stjórnarfundum Landsvirkjunar 28. ágúst 2006 óskaði Álfheiður Ingadóttir, fulltrúi Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í stjórninni, eftir upplýsingum um beiðni Landsvirkjunar til lögreglu um rýmingu búða mótmælenda Kárahnjúkavirkjunar og upplýsingum um lagastof fyrir þessari aðgerð. Í tengslum við málið lagði Álfheiður fram eftirfarandi bókun:

Það er fullkomlega óþolandi að ferðamenn og mótmælendur sem ferðuðust um hálendi Austurlands sl. sumar skuli hafa verið undir stöðugu eftirliti og jafnvel átrodningi og áreitni af hálfu Landsvirkjunar og lögreglu.

Steininn tók þó úr 7. ág. sl. þegar lögregla umkringdi tjaldbúðir mótmælenda við Lindur, skipaði þeim og flutti nauðuga burt og handtók 14 manns.

Upplýst hefur verið að það var upplýsingafulltrúi Landsvirkjunar, sem óskaði bréflaga eftir því við lögregluþvöld eystra að tjaldbúðunum yrði lokað og mótmælendur fjarlægðir.

Með þessari aðgerð var að mínu mati brotið gróflega gegn lýðréttindum mótmælenda og gegn lögum sem tryggja mönnum tjáningarfrelsi, fundafrelsi og ferðafrelsi á Íslandi.

Hinn 5. september 2006 boðuðu lagadeild Háskólans í Reykjavík og Lögfræðingafélag Íslands til hádegisverðarfundar þar sem réttarstaða mótmælenda var til umfjöllunar. Ragnar Aðalsteinsson hæstaréttarlögmaður og Stefán Eiríksson, nýr lögreglustjóri höfuðborgarsvæðisins, voru ræðumenn fundarins og sagði Ragnar að grunnstef lögreglunnar á Íslandi

væri það að mótmæli skuli ekki líðast. Sagði hann lögreglu taka misjafnlega á mótmælendum eftir því hversu mikla áherslu ráðherrar legðu á málin og benti á að þriggja manna ráðherranefnd hefði stýrt lögreglunni í aðgerðum gegn Falun Gong á sínum tíma og rifjaði upp að óánægja hefði komið upp innan lögreglunnar í kjölfarið. Í tengslum við málið hélt Ragnar Aðalsteinsson því fram að mannréttindi mótmælenda við Kárahnjúka hefðu ekki verið virt. Á hér á landi ríki stjórnarskrárbundið skoðana-, tjáningar-, funda- og ferðafrelsi og brotið hefði verið á öllum þessum réttindum mótmælenda. Ef skerða eigi þau réttindi þurfi bæði að stíga varlega til jarðar og hafa skýrar lagaheimildir til þess. Greinargerð með lögreglulögum sé ekki fullnægjandi lagaheimild.

Það er mat flutningsmanna tillögu þessarar að þörf sé á að skera úr um það hvort lögregla hafi farið út fyrir verksvið og lagaheimildir í aðgerðum sínum gagnvart mótmælendum síðastliðin tvö sumur. Nauðsynlegt er að tryggja frelsi mótmælenda til að tjá skoðanir sínar á sumri komanda jafnframt því sem ljóst verði hvaða heimildir lögregla hafi til aðgerða, telji hún þörf á því að hafa afskipti af mótmælendum.

Í fylgiskjali er grein sem ber nafnið Mannréttindabrot yfirvalda gagnvart mótmælendum. Hún birtist á vefmiðlinum gagnauga.is, sem er upplýsingavefur um alþjóðamál með það markmið að koma á framfæri og kynna róttæk og gagnrýnin sjónarmið sem hefðbundnir fjölmiðlar hafa lítið fjallað um.

Fylgiskjal.

Jón Karl Stefánsson:

Mannréttindabrot yfirvalda gagnvart mótmælendum.

(Gagnauga, 31. október 2005.)

Barátta fyrir verndun mannréttinda og gegn ofríki, hvort sem það er að hálfu yfirvalda eða annarra, er ekki bundin við fjarlæg heimshorn og sl. sumar opinberaðist staða þessara mála er yfirvöld skáru upp herör gegn fólki sem mótmælti smíði Kárahnjúkavirkjunar og álvers í Reyðarfirði. Rétt er að tíunda atburðarrásina í samhengi við mannréttindayfirlýsingu SB.

Úr heimsyfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna um mannréttindi:

9. grein.

Ekki má eftir geðþótta taka menn fasta, hneppa þá í fangelsi eða varðhald né gera útlæga.

12. grein.

Eigi má eftir geðþótta raska heimilisfriði nokkurs manns, hnýsast í einkamál hans eða bréf, vanvirða hann eða spilla mannorði hans. Ber hverjum manni lagavernd gagnvart slíkum afskiptum eða árásum.

13. grein.

1) Frjálsir skulu menn vera ferða sinna og dvalar innan landamæra hvers ríkis.

19. grein.

Hver maður skal frjáls skoðana sinna og að því að láta þær í ljós. Felur slíkt frjálsræði í sér réttindi til þess að leita, taka við og dreifa vitneskju og hugmyndum með hverjum hætti sem vera skal og án tillits til landamæra.¹

Eftirfarandi lýsing er fengin frá vitnum, opinberum skjölum, Indymedia.org og Saving-Iceland.org. Lýsingin er ekki tæmandi og ber að teljast yfirlit.

Aðgerðir mótmælenda.

19. júlí héldu 11 mótmælendur inn á vinnusvæði Kárahnjúkavirkjunar. Lögregla mætti á staðinn en enginn var handtekinn og enginn kærður. 26. júlí stöðvaði hópur mótmælenda vinnu við Kárahnjúkavirkjun í 5 klukkustundir, hlekkjuðu sig við vinnuvélar og stöðvuðu þannig ferð þeirra og annarra sem biðu fyrir aftan. Lögregluþjónar mættu á svæðið um kl. 14:30. Þeir virtust ekki vera vanir slíkum aðgerðum né vilja eiga nokkurn orðastað við mótmælendurna, skipuðu bílstjórum vinnuvélananna sem mótmælendur höfðu hlekkjað sig við að kveikja á vélunum og lögðu þannig líf þeirra í stórhættu. Bílstjórnarnir voru ekki íslenskumælandi og samskipti milli manna voru því takmörkunum háð. Því næst hófu þeir að færa þá burt með valdi. Margir mótmælenda voru snúnir niður og lögreglan ásamt öryggisvörðum drógu mótmælendur í lögreglubíla. Einhverjir kvörtuðu undan barsmíðum af höndum lögreglu. Þrír mótmælendur voru handteknir og sakaðir um árás á lögreglu, en þeim var sleppt án kæru enda var einn þeirra hlekkjaður við vinnuvél meðan meint árás átti sér stað. Um kl. 17 leitaði lögregla án heimildar í öllum tjöldum í mótmælendabúðunum að eiturflyfjum, en án árangurs. Klukkan 22 færði lögreglan mótmælendum skipun um brottflutning frá búðunum, án þess að hafa lagaheimild. Næsta dag skipaði lögregla mótmælendum að yfirgefa búðirnar innan þriggja tíma með vísan í lög um öryggi almennings.²

Búðirnar voru því næst færðar í land bónda við Vað í Héraði og 4. ágúst héldu fjórir mótmælendur til byggingarsvæðis álverksmiðju Alcoa í Reyðarfirði. Þar klifruðu þeir upp í byggingarkrana og hengdu þar borða með mótmælaslagorðum. Það tók lögreglu nokkurn tíma að ná mótmælendunum niður, og voru þeir handteknir og færðir í gæsluvarðhald en var að lokum sleppt án ákæru.

Lögreglan hóf nú stöðugt eftirlit með tjaldbúðum mótmælenda og víkingasveitin var send á staðinn. Lögreglumenn á ómerktum bílum eltu mótmælendur, og þá sem komu í heimsókn, hvert sem þeir fóru. Til dæmis voru mótmælendur stöðvaðir á leið sinni til messu í Skriðdal þann 10. ágúst, sem auglýst var að væri öllum opin. Þegar ljóst var að engin lög geta hindrað fólk í að ferðast á opnu svæði brugðu lögreglumenn á það ráð að tefja för hópsins með því að láta stóran sendiferðabíl keyra löturhægt á undan hópnum og hindra þá í að keyra framhjá.

Búðirnar voru teknar niður um miðjan ágúst og margir mótmælenda héldu þá til Reykjavíkur. Lögregluþjónar eltu mótmælendur, suma þeirra alla leið, einnig þá sem fóru á puttannum. Eftirlitið hélt áfram í Reykjavík. Lögreglan neitaði því í fjölmiðlum að hún stundaði eftirlit með mótmælendunum, en fréttamaður RÚV náði myndum af því sem virtist vera ómerktur lögreglubíll að elta tvo íslenska mótmælendur um götur höfuðborgarsvæðisins. Stuttu eftir komu mótmælendanna til Reykjavíkur gaf sýslumannsembætti Eskifjarðar út tilskipun til dómsmálaráðuneytisins um að vísa þeim 21 erlenda ríkisborgara, sem lögreglan hafði skráð eftir mótmælaaðgerðir, úr landi. Til þess þurfti að koma brottvísunarpappírurum til fólksins og fá það til að skrifa undir. Með það að yfirskyni voru mótmælendur og þeir sem umgengust þá eltir hvert sem þeir fóru. Um starfann sáu m.a. óeinkennisklæddir sérsveitarmenn. 16. ágúst var einn mótmælandi þannig handtekinn og ákærður fyrir árás á lögregluþjón

þegar hann varði vinkonu sína fyrir árás ókunnugs manns, sem reyndist vera óeinkennis-klæddur lögregluþjónn. Bæði voru handjárnuð og færð harkalega í lögreglubíl og allan tímann neitaði lögreglan að tjá sig við fólkið á nokkurn hátt. Stúlkunni var sleppt úr varðhaldi klukkustundum síðar án nokkurra skýringa. Manninum var hins vegar haldið í sólarhring og að sögn hans fékk hann ekki að borða. Þrír vegfarendur fóru á lögreglustöðina þar sem honum var haldið til að kanna hvort brotið væri á réttindum hans. Lögreglan brást harkalega við og nokkrir lögregluþjónar færðu þá út með valdi. Þetta varð til þess að einn þeirra, háskólaprófessor á áttæðisaldri, féll með höfuðið í gangstétt og missti meðvitund. Lögreglu-menn neituðu bón þeirra sem uppi stóðu um að hringja á sjúkrahús og lögðu líf mannsins þannig í stórhættu, en hann hafði hlotið höfuðkúpubrot fyrir á ævinni. Fyrir mildi komst hann á endanum undir læknishendur, en ekki er enn ljóst hvort hann hefur hlotið varanlega skaða af.

Aðgerðir lögreglunnar héldu áfram og um kvöldið, 16. ágúst, ruddust 3 einkennisklæddir og 3 óeinkennisklæddir inn á svefnstað hóps mótmælenda. Þeir létu það ekki hindra sig þótt þeim væri tjáð að þeir hefðu ekki samþykki til húisleitar, en lögum samkvæmt verður lögregla að fá leyfi húsráðenda til þess ef hún hefur ekki húisleitarheimild.³ Þeir réðust nokkrum dögum síðar aftur á verustað fólksins og hótuðu manni sem neitaði að tæma vasa sína að hrista úr þeim inni á stöð með því að hengja hann upp á fótunum, lýstu vasaljósi beint í augun á fólki og ógnuðu því. Svo mætti lengi halda áfram.

Rangar sakagiftir.

Margir hafa ranglega eignað þessum hópi þegar klippt var á rafmagnsstreng og mokað yfir aftur. Þau eignaspjöll voru framin þegar eftirlit með mótmælendum var stíft og enn er ekki vitað hver eða hverjir voru að verki. Annað sem farið hefur hátt er eyðilegging vinnuvéla. Óljóst er hvernig sú saga fór á kreik, en líklega er átt við það þegar bensínleiðslu var kippt úr vinnuvél sem mótmælendur höfðu hlekkjað sig við. Slíkt telst ekki eyðilegging vinnuvélar og hafa ber í huga að þar sem lögregluþjónar höfðu skipað bílstjórum að kveikja á vélunum var lífi mótmælenda stefnt í hættu. Loks ber að nefna atvik þar sem maður úðaði slagorð með málningu, m.a. á stytta Jóns Sigurðssonar og ýmsar opinberar byggingar í Reykjavík. Sá sem fyrir því stóð var ekki á lista þeirra sem vísa átti úr landi. Orðið „atvinnumótmælendur“ hefur verið notað oft en einu sinni um þennan hóp, en engar upplýsingar liggja fyrir um að nokkur þeirra hafi hlotið borgun fyrir mótmæli sín og teljast slík ummæli því rögburður.

Átylla lögreglunnar fyrir þessum aðförum er beiðni um brottvísun fólksins frá landi, en enginn þeirra hefur hlotið ákæru og því eru mótmælendurnir jafn saklausir og hver annar gagnvart lögum. Þetta bendir til þess að í raun geti hver sem er lent í slíkum ofsóknum yfirvalda. Lögfræðingur hópsins fékk í hendurnar afrit af símbréfi frá Hildi Dungal, forstöðumanni Útlendingaeftirlitsins, til embættis ríkislögreglustjóra, þar sem þess er krafist að lögreglan elti uppi „neðangreinda einstaklinga“ og fái þá til að skrifa undir „meðfylgjandi bréf“. Bréfið er dagsett 11. ágúst og stimplað af Útlendingaeftirlitinu. 20. ágúst þverneitaði Hildur því í viðtali við DV að til væri listi yfir fólk sem Útlendingaeftirlitið vildi vísa úr landi.⁴

Aðferðir yfirvalda í þessu máli ættu að vera öllum umhugsunarefni. Þeir sem þurfa í framtíðinni að berjast fyrir réttindum sínum, t.a.m. launþegar fyrir kjörum sínum eða aðrir sem telja að órétti sé beitt, eiga á hættu að verða fyrir svipuðum árásum vegna krafna sinna. Þeir sem vilja halda völdum geta alltaf fundið afsakanir fyrir því að skerða frelsi annarra, stunda eftirlit með þeim og refsa þeim sem ógna stöðu þeirra; þessar afsakanir geta verið í formi verndar gegn hryðjuverkum eða öðrum glæpum, skjótrar ákvörðunartöku o.s.frv. Fólk skyldi ætíð vera á verðbergi gagnvart slíkum yfirhyllingum og vilja til að viðhalda völdum

og auka við þau. Þegar öllu er á botninn hvolft er það á okkar ábyrgð að berjast fyrir réttindum okkar og friði til að nýta okkur þau og því þurfa allir sem vettlingi geta valdið að ljá krafta sína baráttunni fyrir mannréttindum, frelsi og réttlæti.

1. http://www.un.dk/icelandic/IS_Menneskerettighedserkl/is_men_frame.htm.
2. Police endanger Iceland dam protestors, IndyMedia, 26.07.2005 .
3. Deportations, IndyMedia, 17. ágúst 2005; Police harassment, savingiceland.org, 17. ágúst 2005.
4. Surprise, surprise!, savingiceland.org.